



MANNVIT

Minnisblað

Tilv.: 2.120.067

27.03.2015

Síldarvinnslan hf

Efni: Hávaðamælingar við fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Helguvík.

Minnisblað þetta greinir frá niðurstöðum hávaðamælinga við fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík.

Framkvæmdar voru hávaðamælingar þann 24.mars 2015 við fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar sem staðsett er í Helguvík að beiðni Gunnars Sverrissonar hjá Síldarvinnslunni hf. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir hávaðamælingunum vegna endurnýjunar á starfsleyfi. Óskað var eftir upplýsingum um hávaða sem berst frá fyrirtækinu til umhverfisins og er gerð krafa um að mæla hávaða við lóðarmörk þegar vinnsla er í gangi og mestur hávaði er frá starfseminni.



Mynd 1: Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík

Aðliggjandi lóðir við lóð fiskimjölsverksmiðjunnar eru skilgreindar sem iðnaðarlóðir skv. deiliskipulagi. Í töflu III í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða eru skilgreind mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi. Við húsvegg á aðliggjandi iðnaðarsvæði og athafnarsvæð eru þessi mörk $L_{Aeq} = 70 \text{ dB(A)}$. Þar sem ekki eru nein hús á aðliggjandi iðnaðarlóð voru mælingar framkvæmdar við lóðarmörk. Fjarlægð í næstu íbúðabyggð er um 1500 m.

Mynd 2 sýnir staðsetningu fiskimjölsverksmiðjunnar og nánasta umhverfi.



Mynd 2: Staðsetning fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Helguvík og nánasta umhverfi hennar. (Mynd: Loftmyndir ehf.)

Mælingarnar voru framkvæmdar á milli kl: 11:00 og 14:00. Vinnsla í fiskimjölsverksmiðjan í fullum gangi auk þess sem verið var að skipa upp á höfninni með tilheyrandi umferð vörubíla og lyftara. Á aðliggjandi lóð norðan fiskimjölsverksmiðjunar stóðu byggingaframkvæmdir yfir og var einhver umferð á svæðinu því tengd án þess að hafa mikil áhrif á mælingarnar. Önnur vinna eða umferð ótengdra ökutækja á svæðinu var lítil eða engin.

Mældur hávaði var því nær eingöngu frá starfsemi fiskimjölsverksmiðjunar að undanskildum mældum gildum norðanmegin lóðar, (mælingar 8, 9 og 11) þar sem líklegt er að starfsemi á aðlægri lóð hafi haft einhver áhrif.

Hávaði var mældur meðfram lóðarmörkum hringinn í kringum verksmiðjuna, sjá mynd 3.



Mynd 3: Staðsetningar hávaðamælinga við fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Helguvík. Lóðarmörk eru dregin með blárrí línu. (Mynd: Loftmyndir ehf.)

Eftirfarandi tækjabúnaður var notaður við mælinguna:

- Hljóðstigsmælir - Brüel og Kjaer Type 2250
- Frísviðshljóðnemi - Brüel og Kjaer Type 4189
- Kvörðunartæki - Brüel og Kjaer Type 4231
- Vindhlíf
- Þrifótur

Mælt var í 10 mínútur á hverjum stað í 1/3 áttundaböndum á tíðnibilinu 12.5Hz upp í 20kHz.

Aðstæður til mælinga voru mjög góðar. Upplýsingar um veðurfar eru fengnar frá veðurstöð við Keflavíkurflugvöll. Á mælitíma var léttskýjað og burtt, vindhraði 2-5 m/s úr austanátt og hitastig 0,8-2,4°C.



Mynd 4: Sýnir mælingu við mælipunkt 3 þar sem má sjá vinnu við uppskipun.

Það er einkum við mælipunkta 8, 9 og 11 sem heyra mátti í ótengdri starfsemi á svæðinu eins og greint var frá ofar. Allar mælingar voru teknar á lóðarmörkum eða utan þeirra að undanskilinni mælingu nr. 6 sem var tekin innan lóðar. Mæling nr. 10 er endurtekning á mælingu nr. 7 og tekin á sama stað. Mælingarnar eru teknar fyrir framan opnar dyr þar sem verið var að vinna við að hlaða á fiskimjöli á vörubíla, vegna uppskipunar á höfninni, með tilheyrandi umferð fólks og ökutækja. Þegar fyrri mæling er tekin var hlé á þessari vinnu og hún því endurtekin eftir að vinna hófst að nýju.

Niðurstöður mælinganna er að finna í Töflu 1.

Tafla 1: Niðurstöður hljóðmælinga við fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Helguvík 24.03.2015.

Mæling nr.	L _{Aeq} [dB(A)]	Mæling nr.	L _{Aeq} [dB(A)]
1	52,7	7	59,1
2	64,6	8	59,1
3	64,6	9	55,9
4	65,1	10	65,9
5	59,7	11	53,8
6	68,1	12	59,3



Mynd 5: Sýnir frá mælingu 10 þar sem verið er að ferma vörubíl vegna uppskipunar.

Í öllum tilvikum er mælt hljóðstig innan þeirra marka sem sett eru í reglugerð um hávaða, þ.e. 70 dB(A).

Er það einungis í mælingum nr. 4, 6 og 10 sem hljóðstig mælist minna en 5 dB innan marka. Mæling 6 er framkvæmd inni á miðri lóð og í hinum tveimur tilvikunum eru mælingarnar framkvæmdar í nálægð við vinnu vegna uppskipunar. Í flestum öðrum tilvikum mældist hljóðstig meira en 10 dB innan markar.

Með tilliti til mældra gilda við lóðarmörk, staðsetningar fiskimjölsverksmiðjunnar og fjarlægða í næstu iðnaðarhúsnæði og íbúðabyggð er ekki ástæða til að ætla að starfsemin valdi ónæði sökum hávaða.

Virðingarfyllst

Gunnar Birnir Jónsson
Verkfræðingur